



Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 01.02.2021
Tilvísun 2101173/10.1

Umsögn 418. mál - Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.)

Drög að frumvarpi þessu voru birt 4. september 2020 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Island.is (mál nr. S-175/2000). Bæjarstjórn Fjarðabyggðar sendi umsögn um drög að frumvarpinu í samráðsgátt stjórnvalda. Þar voru gerðar athugasemdir við óljósa skilgreiningu byggðarlags. Bæjarstjórn telur að skilgreining sé ekki enn nægilega skýr, taka þarf af allan vafa til framtíðar, sérstaklega með komandi sameiningum sveitarfélaga, að ekki verði tekin upp önnur skilgreining á byggðarlagi. Sérstaklega á það við að fjölkjarna sveitarfélag eins og Fjarðabyggð verði ekki skilgreint í lögum sem byggðarlag heldur að tryggt verði að hver byggðarkjarni fjölkjarna sveitarfélaga verði skilgreindur sem sjálfstæð eining þegar viðkemur heimildum og stjórn fiskveiða.

Í umsögn bæjarstjórnar var einnig lögð þung áhersla á mikilvægi þess að tekið væri tillit til loðnubrests sem orðið hefur ítrekað undanfarnar þrjár vertíðir og hefur komið þungt niður á rekstri útgerða með minnkandi tekjum sem hefur um leið orðið til umtalsverðrar tekjuskerðingar sveitarfélagsins. Því hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar ítrekað lagt áherslu á nauðsyn þess að hægt sé að bregðast við jafn umfangsmiklum atburðum og loðnubrestur er með tilliti til samfélaga sem eru hvað berskjölduðust fyrir slíku. Horft verði til þess við útreikning til úthlutunar aflaheimilda (potta).

Er það niðurstaða bæjarstjórnar Fjarðabyggðar að frumvarpið hefur ekki tekið breytingum um ofangreinda hluti og því liggur ekki fyrir stuðningur við frumvarpið.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar áskilur sér rétt til að gera umsagnir um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúna til samtals við atvinnuveganefnd Alþingis um málið sé þess óskað.

Valgeir Egir Ingólfsson
F.h. bæjarstjórnar
Atvinnu- og vinnustjóri